




Sveita- líf



Minek kemur heim með brotinn tréklossa.

**Háskólabíó, Mánudags-
mynd: Klossatréd
Leikstjóri: Ermanno
Olmi**

Ítölsk, gerð árið 1978.

„Tréklossatréd“ er nokkurskonar lofsöngur um norður-italst bændafólk, nánar tiltekið íbúa Lombardy-héraðs, en þar er Olmi einmitt fæddur. Kvikmyndin greinir frá daglegu lífi nokkurra bændafjölskyldna um síðustu aldamót. Bændurnir eru leiguliðar og verða að skila landeigandanum tveim þriðju af uppskerunni og lifið og fátæktin ganga sinn vanagang. Batisti bóndi á lítinn dreng, Minek, sem er svo greindur að sóknarpresturinn krefst þess að hann verði sendur í skóla. Slíkt var þá fáheyrt meðal bændna. Ekkjan Runk þvær þvott í ánni og sér þannig fyrir sex börnum. Ungt par giftist, fer til Milanó í eins dags brúðkaupsferð en þar telja nunnur þau á að taka að sér árgamlan munaðarleysisingja. Þegar Minek brýtur tréklossann sinn heggur faðir hans tré sem auðvitað er eign landeigandans og fyrir vikið er fjölskyldan gerð brottræk úr sveitinni og þar með sett á Guð og gaddinn.

„Klossatréd“ er ákaflega ljóðræn mynd og Olmi sýnir glögg tilfinningar fólksins sem hann fjallar um. Raunar má segja að hér sé á ferðinni hljóð-

látt meistaraverk svo smáir eru viðburðir söguþráðarins. Til meiriháttar tífunda teljast slátrun svins, brúðkaupsferðin stutta og gullpeningsfundur bónda nokkurs. Bóndinn sem finnur myntina felur hana undir hófi hests og þegar peningurinn kemur ekki í leitirnar þegar bóndi hyggst vitja hans lemur hann hestinn og kallar hann þjóf. Framferði bóndans við hestinn minnir raunar á samband hans sjálfs við landeigandann.

Brottrekstur Batisti og fjölskyldu hans sýnir glögg hvern vald landeigenda var og í brúðkaupsferðinni til Milanó verða ungu hjónin vör við uppreisnaraðann þó þau sjái aldrei neitt sem raunverulega bendir til uppreisnar. Þannig kemst pólitískur bóðskapur myndarinnar til skila án þess að hann sé hrópabur á torgum.

Olmi notar sjaldan leikara heldur fólk sem fæst við sömu störf og lýst er í myndum hans. Það eru því bændur og búalið sem fara með hlutverk í „Klossatrénu“. Það á án efa sinn þátt í því hve ákaflega raunsæisleg myndin er. Þess má geta að leikarnir í „Klossatrénu“ eru allir frá Bergamo, fæðingarsveit Olmis.

Ermanno Olmi er án nokkurs efa meðal hæfileikaríkustu leikstjóra heims. Hann skrifar, stjórnar, leikstýrir og myndar sjálfur kvikmyndir sínar. Kvikmyndaðnaðinum hefur ekki tekist að læsa klónum í Olmi, hann vinnur sjálfstætt og hefur því oft á tíðum lítið fé handa á milli. En þó „Klossatréd“ hafi ekki kostað mikið, mælt í gulli, þá hefur Olmi kostað öllu til sem listamaður og myndin verður að teljast með fágætum perlum í sögu kvikmyndanna.

—SKJ

Kvikmyndir



Sólveig K. Jónsdóttir. skrifar

hvað, hvar...?

....Nýja Bló sýnir nú víðfræga gamanmynd 9 til 5. Myndin greinir frá ofboð venjulegri skrifstofu þar sem karlmaður er yfirmaður og hefur fjölda kvenna að undirtyllum. Yfirmaðurinn er líklega heldur verri en meðalyfirmaðurinn, sniðgengur konur við stöðuveitingar þuklar þær og sýnir þeim lítillsvirðingu á alla kanta. Skrifstofustúlkurnar una ástandinu afar illa og tilviljanirnar haga því svo að þær hafa brátt öll ráð húsbóndans í hendi sér. Starfstúlkurnar eru leiknar af Jane Fonda, Lili Tomlin og Dolly Parton en það er sú síðastnefnda sem slær í gegn og er oft ákaflega fyndin. Góð gamanmynd, sem ætti að vera við allra smekk.... Háskólabíó sýnir annan hluta af Superman. Superman stendur enn sem fyrr í stórræðum og nú á hann í höggi við þrjá illvirkja sem allir búa yfir sömu ofurorku og hann sjálfur. En eins og strákurinn sagði: „Superman getur sko allt“ og það virðast krakkarnir kunna að meta, gott ef fullorðnir eru ekki sumir á sama báti þegar Superman er annars vegar.... Cannonball Run er það sem sumir myndu kalla hreinustu endaleysu en þó brandarar myndarinnar séu sundurlausir eru þeir oft á tíðum alveg yfirmáta spaugilegir.... Gamla Bló er nú sjöttu og fimm ára og afmælismyndin er Fantasia Walt Disneys. Fáar teiknimyndir hafa orðið frægari eða hlotið meiri vinsældir enda Fantasia ofurhugljúf mynd. Það má kall-

ast happ ef ein frambærileg mynd fyrir börn finnst í kvikmyndahúsum borgarinnar nú þegar sýningum á Hringa-

dróttinsögu hefur verið hætt er óhætt að mæla með Fantasiu sem bestu myndinni fyrir þá sem ungir eru....



Í vinnu frá nýu til fimm, Jane Fonda, Dolly Parton og Lily Tomlin.

Ídag-íkvöld

Myndlist

Gallerí Djúpið:

Ivan Török, leikmyndateiknarinn velþekkti, opnar málverkasýningu í dag kl. 15.00.

Listaskáli ASI:

Þar er yfirlitssýning á myndvefnaði hins ágæta vefara, Asgerðar Búadóttur. Listaskálinn er opinn daglega frá kl. 14—22.



Norræna húsið:

Í sýningarsal í kjallara stendur yfir sýning íslenskrar grafíkur á verkum sextán grafíklistamanna. Á laugardagskvöld kl. 20.30 flytja þau Snorri Sigfús Birgisson (píanó) og Manuela Wiesler (flauta) nokkur verk fyrir sýningargesti.

Í anddyri er sýning á þrjónlesi dönsku listakonunnar Aase Lund Jensen.

Kjarvalsstaðir:

Á laugardag kl. 14.00 opnar í vestursal sýning á franskri grafík, og meðal höfundna eru Picasso, Chagall og Miró. Við opnunina leikur Halldór Halldórsson frönsk lög á píanó.

Sama dag opnar í forsölum sýning á verkum nemenda í skóla Heimilisnáðarins.

Kjarvalsstaðir eru opnir daglega frá kl. 14—22.

Listasafn Íslands:

Listasafnið heldur mikla yfirlitssýningu á verkum Kristjáns Davíðssonar, listmalara, og spannar sýningin allt málaraskeið Kristjáns, frá því hann er fimmtán ára gamall og fram á okkar daga.

Nýlistasafnið:

Á sunnudagskvöld kl. 20.00 fremur Kristinn Harðarson gerning (performance).

Gallerí Langbrók:

Þar stendur yfir sýning á verkum Langbrókara. Galleríið er opið alla virka daga milli kl. 12—18.

Torfan:

Ljósmyndir úr sýningum Alþýðuleikhússins hanga þar á vegg, gestum til bæði fróðleiks og skemmtunar.

Listasafn Einarssonar — Hnitbjörg:

Safnið er opið sunnudaga og miðvikudaga milli kl. 13.30—16.00.

Asgrímssafn:

Safnið er opið sunnudaga, þriðjudaga og fimmtudaga milli kl. 13.30—16.00.

Höggmyndasafn Asmundar Sveinssonar:

Safnið er opið laugardaga, þriðjudaga og fimmtudaga milli kl. 14.00—16.00 alla dagana.

Leiklist

Alþýðuleikhúsið:

STERKARI EN SUPERMAN — laugardag kl. 15.

STJÖRNLEYSINGINN — laugardag kl. 23.30 — Fáar sýningar eftir.

STERKARI EN SUPERMAN — sunnudag kl. 15.

Miðasölusími í Hafnarbíói 1 64 44.

Leikfélag Reykjavíkur:

BARN Í GARDINUM — laugardag kl. 20.30 — Allra síðasta sýning.

SKORNIR SKAMMTAR — laugardag kl. 23.30 í Austurbæjarbíói.



ROMM1 — laugardag kl. 20.30.

Miðasölusími í Iðnó 1 66 20 — í Austurbæjarbíói 1 13 84.

Þjóðleikhúsið:

HÓTEL PARADÍS — laugardag kl. 20.00

DANS A RÓSUM — sunnudag kl. 20.00

ASTARSAGA ALDARINNAR — sunnudag kl. 20.30 á Litla sviðinu.

Miðasölusími 1 12 00.

Tónlist

Austurbæjarbíó:

Pína Carmirelli fiðluleikari og Arni Kristjánsson píanóleikari koma fram á vegum Tónlistarfélagins á laugardaginn kl. 14.30.

Norræna húsið:

Manuela Wiesler og Snorri Snorrason leika á laugardagskvöldi á sýningunni Íslensk grafík. Þau leika verk eftir Atla Heimi, Þorkel og Ravel.

Fóstbræðraheimilið:

Skemmtikvöld fóstbræðra hefjast á laugardaginn kl. 20.30. Söngur, grín og gaman. Fjaröflun fyrir Bandaríkjaferð.

Filadelfíukirkjan:

Antonio Corveiras heldur orgeltónleika á laugardag kl. 17. Verk eftir gamla meistara.